

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

860. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. febrúar 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varamaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Bréf frá óbyggðanefnd, málskotsfrestur vegna úrskurðar um svæði 8
2. Bréf frá óbyggðanefnd þar sem tilkynnt er um meðferð á svæði 9
3. Bréf frá foreldrafélagi grunnskólans um útfærslu á lóð skólans
4. Bréf frá skógrækarfélaginu
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðulands vestra frá 5. janúar sl.
6. Staða mála varðandi hirðu á sorpi

Afgreiðslur:

1. Bréf frá óbyggðanefnd þar sem tilkynnt er að málskotsfrestur vegna úrskurðar um svæði 8 rennur út 23. júlí nk. Lagt fram til kynningar. Ólafur Björnsson lögfræðingur kemur þann 12. mars nk. og kynnir fyrir sveitarstjórn, landbúnaðarráði og ráðgjöfum sveitarfélagsins niðurstöðurnar í málinu.
2. Bréf frá óbyggðanefnd þar sem tilkynnt er um að veittur sé umbeðinn frestur lögmanns fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa mögulegum þjóðlendukröfum f.h. hönd íslenska ríkisins á svonefndu svæði 9, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla ásamt fyrrum Bæjar- og Broddaneshreppum og fyrrum Kolbeinsstaðahreppi til 1. mars nk. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá foreldrafélagi grunnskólans um útfærslu á lóð skólans. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið.
4. Bréf frá skógrækarfélaginu þar sem þakkað er fyrir fenginn styrk á fjárhagsáætlun 2015. Lagt fram til kynningar.
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðulands vestra frá 5. janúar sl. lögð fram til kynningar.
6. Staða mála varðandi hirðu á sorpi
Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri kemur inn á fundinn og segir frá stöðu mála varðandi hirðu. Byggðarráð felur umhverfisstjóra og sveitarstjóra að vinna málið áfram. Ína Björk víkur af fundi.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Bréf frá yfirdýralækni um að riða hafi fundist í bæ í sveitarfélaginu, Vatnsneshólfi, lagt fram til kynningar. Byggðarráð leggur til að fulltrúi Matvælastofnunar komi til fundar við íbúa sveitarfélagsins.
8. Kynningarfundur vegna hitaveituf framkvæmda í Víðidal. Sveitarstjóra falið að finna nýjan fundartíma. Nánar auglýst síðar.
9. Grenndarkynning vegna viðbyggingar sláturhússins. Grenndarkynning hefur farið fram og engar athugasemdir hafi verið gerðar á kynningartímanum. Skipulags- og umhverfisráð mun afgreiða erindið fyrir sitt leiti á næstu dögum.
10. Málefni Róta bs. Sveitarstjóri fer yfir vinnu stjórnar varðandi fjármál og fjárhagsáætlun 2015.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:23

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir